



# Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

## Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa júní 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

## Fundur 22. júní 2005

Seinni umræða ársreikninga, reikningarnir voru samþykktir samhljóða. Niðurstöður eru í fylgiskjali.

Umræða um fjármál sveitarsjóðs.

Staðfesting á hafnarreglugerð. Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum. Samgönguráðuneytinu verður tilkynnt afgreiðslan.

Kosning oddvita og varaoddvita. Núverandi kosnir samhljóða áfram og verður félagsmálaráðuneytinu send tilkynning.

Umsókn um byggðarkvóta fyrir næsta kvótaár. Regula lögmannsstofu falið að afgreiða málið á grundvelli vinnu sem áður hefur verið unnin í þessu máli.

Sumarleyfi hreppsnefndar verður í júlí og næsti fundur verður 9. ágúst.

Skýrsla barst frá skólustjóra vegna skólastarfs síðasta skólaárs.

Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun vegna Aðalskipulags Skeggjastaðahrepps, erindinu vísað til Teikn á Lofti.

Bréf barst frá Skipulagsstofnun vegna kostnaðarþátttöku í gerð Aðalskipulagsins, framlag Skipulagsstofnunar eru 2,5 milljónir kr.

Tekinn fyrir þjónustusamningur milli Skeggjastaðahrepps og Markaðsstofu Austurlands, samþykktur samhljóða.

Bréf barst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar sem tilkynnt er um áætlun um útgjaldajöfnunarframlag 2005, 5.407.896 kr.

Bréf barst frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótarfélag Íslands þar sem tilkynnt er um ágóðarhlut Skeggjastaðahrepps vegna síðasta árs, 720.000 kr.

Bréf barst frá Svalbarðshreppi þar sem tilkynnt er um tilnefningu manns í stjórn slökkviliðsins, Friðrik P. Guðmundsson.

Fyrir liggur kostnaður við verkefni í sumarvinnu á opnum svæðum samtals 430.000 kr. Þetta verður fært í fjárhagsáætlun 2005, lið 11 umhverfismál-opin svæði.